

Kæru nemendur og foreldrar!

**Almenn kynning á framhaldsskólum
verður haldin í húsakynnum Fjölbrautaskólanum við Ármúla!**

Miðvikudaginn 21.feb. kl. 16:30-18:00

Nú sjá nemendur í 10. bekk brátt fyrir endann á námi í grunnskóla og framhaldsskólinn bíður handan við hornið. Undanfarin ár hafa Austurbæjarskóli, Háaleitisskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Réttarholtsskóli og Vogaskóli boðið nemendum og foreldrum á sameiginlega kynningu á framhaldsskólum í Reykjavík og nágrenni. Einnig kemur Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og Mennamálastofnun að kynningunni.

Framhaldsskólar sem boðið er að kynna starfsemi sína eru: Borgarholtsskóli, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Kvennaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntaskólinn í Kópavogi, Menntaskólinn við Sund, Tækniskólinn, Verzlunarskóli Íslands, Menntaskóli í Tónlist, Hússtjórnarskólinn og Myndlistaskólinn í Reykjavík.

Fyrirkomulag kynninganna er þannig að hver framhaldsskóli hefur til umræða ákveðið rými eða bás. Þar verður fjölbreytt kynningarefni, aðgengilegar upplýsingar og fulltrúar skólanna svara spurningum ykkar. Nemendur og foreldrar geta síðan farið á milli svæða eða skóla og kynnt sér námsframboð, námsfyrirkomulag o.fl. Það skiptir miklu máli að nemendur og foreldrar kynni sér vel það framhaldsnám sem nemendum stendur til boða og gildandi innritunarreglur.

Framhaldsskólarnir auglýsa einnig **Opin hús** fyrir nemendur og foreldra. Þá gefst gott tækifæri til að kynna sér einstaka skóla enn betur, fara á staðinn og fá gleggri mynd af skólastarfinu. Allar upplýsingar um Opin hús er að finna á heimasíðum skólanna og hjá náms- og starfsráðgjafa.

Innritun í framhaldsskóla fer fram á netinu á svæði sem kallast Menntagátt – <http://menntagatt.is>. Nemendur fá sérstakan veflykil til að komast inn á svæðið. Nú styttest í forinnritun en hún fer fram 5. mars til 13. apríl. Þegar forinnritun lýkur verður innritunarsvæðið opnað aftur og loka innritun fer fram frá 4. maí til 8. júní. Þá gefst nemendum færi á að endurskoða og breyta umsókn sinni.

Að velja framhaldsskóla er vandasamt. Það getur skipt sköpum að nýta valmöguleikana sem best og skrá sig í nám sem virkilega höfðar til viðkomandi nemanda. Hver og einn nemandi verður að velja út frá sér – horfa á m.a. styrkleika sína og áhuga. Því er nauðsynlegt að gefa sér góðan tíma og undirbúa skólaskiptin eins vel og hægt er. **Því er rétt að taka strax frá auglýsta dagsetningu á kynningunni í Fjölbrautaskólanum við Ármúla þann 21.feb.**

Með kveðju og von um að sem flestir sjái sér fært að mæta!